

Fjórkröss í Hlíðarfjalli

21. Mars 2020

Ræsing klukkan 16:30



HJÓLREIÐAFÉLAG
AKUREYRAR

Kæri Þátttakandi

Hjólréiðafélag Akureyrar hlakkar mikið til að taka á móti þér í fjórkröss í Hlíðarfjalli. Í þessu bréfi eru nokkur mikilvæg atriði sem varðar keppnina.

Vinsamlegast lesið þetta bréf vel yfir.

Keppnisform er svokallað Fjórkröss sem er útsláttarkeppni og er ekki tímatekin. Fjórir keppendur ræsa samtímis niður braut sem troðin er í snjó og inniheldur beygjur og stökkpalla. Fyrstu tveir keppendur í hverri umferð komast áfram í þá næstu.

Reynt verður að hafa fjölda skráninga 16 eða 32, þannig að allir keppendur fari jafn margar ferðir, komist þeir í úrslit. Hitti skráning ekki á heppilega tölu geta einhverjir hópar verið ræstir með 3 keppendum, þar sem einungis einn kemst áfram. Þar af leiðir að mögulega þarf að takmarka fjölda skráninga. Mótsstjórn áskilur sér rétt til þess að takmarka og/eða loka skráningu þegar þurfa þykir.

Ráslisti verður unninn út frá ýmsum forsendum, svo sem frammistöðu í fjallahjóla-keppnum síðustu ára, og reynt að haga því þannig að keppendur með góða stöðu muni enda andspænis hver öðrum í úrslitum. Ráslisti verður unninn af mótsstjórn.

Athugið að skíðasvæðið er opið fyrir skíðaiðkun til klukkan 16:00. Keppendur skulu gæta þess að vera ekki fyrir skíða og brettafólki meðan þeir koma sér að lyftuhúsi að sækja keppnisgögn.

Vert er að geta þess að keppni fer fram á skíðasvæði að vetri til og því getur komið upp að keppendur þurfi að bíða sinnar umferðar utandyra í frosti. Hagið klæðnaði og búnaði eftir þessu. Reynt verður eftir fremsta megni að útvega hvíldaraðstöðu innandyra í Strýtuskála ofan rásmarks, þar sem keppendur geta haldið á sér hita ef biðin er löng.

Afhending keppnisgagna

Keppnisgögn verða sótt við lyftuhús Fjarkans (stólalyftu) milli klukkan 15:30 og 16:00 á keppnisdag. Ferjun keppenda verður með lyftunni frá klukkan 15:50. HFA ábyrgist ekki að keppendur fái keppnisgögn afhent og geti þar af leiðandi tekið þátt í keppni nema þau séu sótt á fyrrgreindum tíma.

Mótsstjóri er Ágúst Örn Pálsson - 867 4348 - formadur@hfa.is

Keppnisgjald er 2000kr fyrir meðlimi HFA og 4000kr fyrir aðra.

Skráningarfrestur er til klukkan 22:00, föstudagskvöldið 20. mars.

Keppnisgögn

Keppnisnúmer sem festa ber framan á stýri með þremur dragböndum, tveimur að ofan utan um stýri og einu að neðan í bremsu- eða girkapla til að koma í veg fyrir að númerið flettist upp.

Með því að skrá sig í þetta mót hafa keppendur samþykkt viðburðarskilmála HFA [Viðburðarskilmálar HFA](#)

Keppnisreglur

1. Keppandi skal vera með hjálm sem ver allt andlit (fullface) sem er óskemmdur og ekki meira en 3ja ára gamall. Keppandi skal vera með hnéhlífar og bakbrynju. Auk þess er keppendum skilt að vera í hönskum og með gogglur. Mótsnefnd áskilur sér rétt til að meina keppendum þátttöku ef öryggisbúnaður þykir ekki öruggur.
2. Keppendur skulu vera á fjallahjólum sem er í góðu standi með heil dekk og bremsur í lagi. Breiðhjól (Fatbikes) eru leyfð í keppninni. Negld dekk eru einnig leyfð.
3. Keppendur eru algjörlega á eigin ábyrgð í keppninni og mælir mótsnefnd með því að keppendur kynni sér tryggingamál sín fyrir keppni. Með því að skrá sig í mótið afsalar keppandi sér öllum kröfurétti á hendur Hjólreiðafélags Akureyrar - HFA sem mótshaldara, brautargerðamanna, Hlíðarfjalls og/eða Akureyrarbæjar sem landeiganda.

4. Keppendur þurfa að vera orðnir 18 ára. Keppendur 17 ára og yngri mega keppa með skriflegu leyfi foreldra/forráðamanna með því skilyrði að hið minnsta annað foreldri sé á staðnum meðan keppni fer fram. Foreldri skal gefa sig fram við afhendingu gagna. Sjái foreldri sér ekki fært um að koma getur viðkomandi útnefnt ábyrgðaraðila sem fylgir barni í keppni og gefur sig fram við afhendingu gagna. Ábyrgðaraðili verður að hafa ná 18 ára aldri og getur ekki verið skráður keppandi.
5. Keppnin er útsláttarkeppni. Fjórir keppendur fara niður brautina í einu og komast tveir áfram í næstu umferð. Hitti skráning ekki á heppilega tölu geta einhverjir hópar verið ræstir með 3 keppendum, þar sem einungis einn kemst áfram. Ef aðeins 6 keppendur eru skráðir verður ræst í með 3 keppendum og 2 í hvorum ráshóp komast áfram í 4 manna úrslit.
6. Brautin verður afmörkuð með hliðum. Allir keppendur skulu fara í gegnum öll hliðin. Fari keppandi framhá hliði verður hann dæmdur úr leik.
7. Þeir keppendur sem komast áfram skulu fara strax í lyftu til að vera komnir á rásmark fyrir næstu umferð. Í úrslitum Er kept um 1-4. Sæti. Ekki verður keppt um 5-8. Sæti.
8. Ekki verður tímataka á mótinu en myndavél verður í marki til að skera úr um vafaatriði komi þau upp.
9. Vegna eðli mótsins er viðbúið að einhver snerting geti orðið milli keppenda. Stranglega bannað er þó að markvisst hrinda eða hindra aðra keppendur og verða keppendur sem uppvísa verða að óíþróttamannslegri hegðun dæmdir úr leik.
10. Keppendur bera ábyrgð á því að vera komnir í rásmark þegar ræst er. Keppandi sem ekki er mættur í rásmark þegar ræst er verður dæmdur úr leik.
11. Ef allir keppendur í ráshóp detta og klára ekki brautina, skulu þeir sem komast lengstann hluta brautarinnar komast áfram í næstu umferð.

Keppnisflokkar

Kept verður í karla og kvennaflokkum. Ef ekki næst nægileg þátttaka (6 keppendur) í öðrum flokknum verða þeir sameinaðir og allir keppendur sitja þá við sama borð óháð kyni.

Einn hópur er ræstur í einu og næsti hópur ræstur þegar allir keppendur eru komnir í mark og búnir að færa sig úr endamarksvæði. Ef þurfa þykir áskilur mótstjórn sér rétt til að ræsa með styttra millibili eða tefja ræsingu til að rýma braut.

Næsta umferð verður sett af stað eins fljótt og auðið er, þegar allir keppendur eru komnir aftur að rásmarki.

Keppnisbraut

Kept verður í Keppnisbraut í Hlíðarfjalli. Brautin verður troðin og merkt í Suðurgili, sunnan við Fjarka.

Brautin er hjóluð á snjó og inniheldur beygjur, batta, stökkpalla og ef til vill aðrar hindranir. Keppnisbraut verður afmörkuð með stikum/hliðum eða verður troðin og auðgreinanleg frá ótroðnum snjó. Keppendur skulu vera innan brautar allann tímann.

Ekki verður hægt að bjóða keppendum upp á að prufa brautina fyrir mót en góð yfirsýn yfir brautina verður úr skíðalyftu. Allir keppendur sitja því við sama borð í fyrstu umferð.

Lyfta

Stólalyftan "Fjarkinn" í Hlíðarfjalli verður notuð til þess að ferja keppendur og hjól upp að rásmarki. Keppendum er skilt að fara eftir fyrirmælum starfsfólks Hlíðarfjalls um notkun lyftunnar og almenna umgengni.